

24.5.2016

Sæll Sigurður.

Ég hef í kjölfar fyrirspurnar þinnar sett niður eftirfarandi punkta til upplýsingar.

Það hefur oft komið fram að ein helsta forsenda þess að HB Grandi hf. keypti þurrkunina er staðsetning hennar. Önnur staðsetning er forsendubrestur fyrir kaupunum og hefði félagið byggt nýja verksmiðju annars staðar og sparað sér kaupin væri önnur staðsetning álitleg.

Staðsetningin er ekki einungis hagkvæm vegna kostnaðar og hagræðis við flutninga heldur koma einnig til attriði sem tengjast umhverfinu eins og umferð flutningabíla með tilheyrandi sótspori í stað flutninga milli húsa með lyftara. Uppistaða þurrkaðra afurða er þorskhausar og hryggir sem koma úr bolfiskvinnslu félagsins á Akranesi eða úr næsta húsi. Árið 2015 unnum við þurrkaðar afurðir úr 7.225 tonnum. Framan af árinu keyptum við af tveimur fyrrum viðskiptavinum þurrkunarinnar alls um 1.390 tonn. Þeim viðskiptum hefur verið hætt og hefur eingöngu verið unnið úr eigin afla félagsins síðan. Af eigin afla sem unnið var úr eru 4.375 tonn af þorskafurðum, hausar og hryggir og 1.460 tonn af ufsa, aðallega hausum. Þorskafurðirnar koma að stærstum hluta til úr næsta húsi við fiskþurrkunina en ufsinn er fluttur frá Norðurgarði í Reykjavík. Við erum að horfa til þess að um 80% af því sem þurrkað verður úr fellur til frá bolfiskvinnslunni á Akranesi. Fyrir utan hagræðingu af staðsetningu eru helstu forsendur fyrir rekstri og þar með kaupunum á fiskþurrkuninni aðgangur að heitu vatni og hæft og reynslumikið starfsfólk sem er sátt við núverandi staðsetningu.

Fyrsti áfangi stækkunar er fyrst og fremst til að draga úr óþægindum vegna lyktar, nútímavæðingar, lagfæringar á aðstöðu og hagræðingar. Þá eru miklar vonir bundnar við að þorskkvóti verði aukin verulega á næstu árum. Þurrkunin hefur ekki annað því sem til fellur hjá okkur þegar vel veiðist og höfum við selt nokkurt magn annað í þurrkun. Það eru ekki uppi neinar fyrirætlanir um að auka kaup frá öðrum þrátt fyrir aukna afskastagetu. Seinni áfangi stækkunar sem þarf sérstakt leyfi ef af henni verður er fyrst og fremst til að taka í notkun svokallaða færibandapurrkun sem er í tilfellum hagkvæmari en þurrkun í klefum.

Að lokum má geta þess að það stendur ekki til að reka fiskþurrkun á Akranesi hvað sem tautar og raular. Þ.e.a.s. HB Grandi mun ekki standa í þeim rekstri ef að markmið um lámörkun óþæginda vegna lyktar nást ekki. Það er erfitt að segja til um hvenær fullreynt er. Ég mynda halda að ef ekki sæist til sólar hvað það varðar til að mynda tveim árum eftir að hvor áfangi um sig verður tekin í notkun gæti það talist fullreynt.

F.h. HB Grandi hf.



Vilhjálmur Vilhjálmsson